

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

1. október 2019

Eftirfarandi eru athugasemdir SUNN - Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi - um frummatsskýrslu VERKÍS um mat á umhverfisáhrifum Einbúavirkjunar í Skjálfandafljóti.

Verndargildi Skjálfandafljóts

SUNN þykir vert að benda á að í lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017 (hér eftir rammaáætlun 3) lenda **allir** virkjunarkostir í Skjálfandafljóti í verndarflokki (Fljótshnúksvirkjun, Hrafnabjargavirkjun A, B og C) og lendir fljótið í 3ja sæti í verðmætamati vatnsfalla á landinu öllu skv. faghópi 1 sem mat virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til náttúru, menningarminja, landslags og víðerna.

Eins er í bígerð friðlýsing á Goðafossi í Skjálfandafljóti sem er dýrmæt náttúrugræsi og einn fjölsóttasti viðkomustaður ferðamanna á Norðurlandi. Hann er í um 10 km fjarlægð frá fyrirhugaðri virkjun. SUNN telur að það eitt ætti að duga til að falla frá fyrirhugaðri framkvæmd.

Því er ljóst að um er að ræða svæði með mjög hátt verndargildi og þó Einbúavirkjun sé ekki á lista virkjanakosta rammaáætlunar 3 um nýtingu og vernd telur SUNN mikilvægt að taka tillit til niðurstaðna verkefnastjórnar þegar litið er til allra virkjanakosta á svæðinu. SUNN telur einnig að engin ástæða sé til að virða að vettugi niðurstöður þeirra sérfræðinga sem að vinnu rammaáætlunar 3 hafa komið þrátt fyrir að áætlunin hafi enn ekki verið afgreidd í Alþingi af óskiljanlegum ástæðum. Gífurleg náttúruverðmæti eru í húfi og því ber að falla frá framkvæmdum við Einbúavirkjun.

Í niðurstöðum rammaáætlunar 3 stendur að á vatnasviði Skjálfandafljóts séu 16 fuglategundir á válista (sjá bls. 187)¹. Þó staðbundin áhrif Einbúavirkjunar eru ekki talin trufla fuglalíf í námunda við virkjunina skv. frummatsskýrslu telur SUNN að brýnt sé að taka tillit til þess að nálgast beri vistkerfi á heildstæðan hátt og ganga út frá því að þau séu stærri, flóknari og viðkvæmari en svo að skammtímarannsóknir dugi til að varpa ljósi á möguleg umhverfisáhrif.

¹ Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3.áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017. Sjá : https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/RA3-Lokaskyrsla-160826-2.pdf

Tilgangur virkjunarinnar

Í skýrslunni kemur fram að Orkustofnun leggi áherslu á uppbyggingu þess sem stofnunin kallar smávirkjanir (allt að 10 MW virkjanir) **þar til** flutningskerfi raforku á landinu verði eftt.

(sjá bls. 125 í frummatsskýrslu um Einbúavirkjun)

« Stór hluti orku á Íslandi er bundin í langtímasamningum til stórnotenda. Orkustofnun segir að víða á landsbyggðinni anni virkjanir og dreifikerfi ekki eftirspurn eftir raforku frá minni notendum. Bæjarstjórn Akureyrar hefur lýst þungum áhyggjum af stöðu raforkumála í Eyjafirði og segir að verði raforka inn á svæðið ekki tryggð á næstu árum sé ekki annar möguleiki en að reisa díselrafstöðvar sem geti annað fyrirsjáanlegri þörf á Eyjafjarðarsvæðinu. Að óbreyttu telur Orkustofnun að orkuskortur muni hamla bæði atvinnuuppbyggingu og orkuskiptum, svo sem rafbílavæðingu og því þurfi að leggja meiri áherslu á smávirkjanir (allt að 10 MW) þar til flutningskerfi raforku á landinu verður eftt. Kallar stofnunin eftir samstarfi og samvinnu sveitarfélaga um slíka virkjunarkosti, sjá kafla 1.1. Í sóknaráætlun Eyþings fyrir Norðurland eystra 2015-2019 segir að styrkleikar svæðisins til uppbyggingar felist m.a. í miklum orkuauðlindum í Þingeyjarsýslunum, en við núverandi aðstæður sé raforkuskortur á tilteknum svæðum ein af helstu ógnunum samfélagsins. »

Að sama skapi kemur fram í skýrslunni að framkvæmdaaðili hafi rætt við Landsnet vegna tengingar Einbúavirkjunar inn á byggðalínu þegar Hólasandslína verður komin í gagnið.

(sjá bls. 131 í frummatsskýrslu um Einbúavirkjun)

« Framkvæmdaraðili hefur rætt við Landsnet vegna tengingar Einbúavirkjunar inn á byggðalínu þegar Hólasandslína verður komin í gagnið. »

Hólasandslína er hins vegar partur af áðurnefndri eflingu á flutningskerfi raforku á landinu og því stenst það ekki skoðun að færa rök fyrir tilvist Einbúavirkjunar með þeim hætti sem hér er gert ef nýting á raforku virkjunarinnar er háð uppbyggingu Hólasandslínu. Hún mun væntanlega sjá fyrir nægjanlegri styrkingu á raforkuflutningi til Eyjafjarðar (til viðbótar við fyrirhugaða Blöndulínu 3) burt séð frá virkjunum sem kunni að rísa á leið hennar. Ekki verður séð að Einbúavirkjun komist í gagnið mun fyrr en styrkingu Hólasandslínu 3 lýkur og því er vandséð að hún breyti nokkru um raforkuöryggi á Eyjafjarðarsvæðinu hvorki til skammst né langs tíma.

SUNN telur jafnframt mikilvægt að nýting á framleiddri raforku frá einstaka virkjunum skuli vera skilgreind því eins og kemur fram í niðurstöðum verkefnisstjórnar um 3.áfangna rammaáætlunar er útilokað að meta áhrif einstakra virkjanakosta á losun gróðurhúsalofttegunda nema liggi fyrir til hvers

orkan frá viðkomandi virkjun verði notuð (sjá bls. 200)². Því er ekki til mikils að vitna í heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra orku í frummatsskýrslu (bls.ii) ef skilgreining á nýtingu orkunnar liggur ekki fyrir.

Smávirkjanir og smávirkjanir

SUNN bendir á að sú tegund virkjana sem um ræðir og kallaðar eru smávirkjanir fela í sér töluverðar framkvæmdir og mannvirki og telur SUNN því varhugavert að notast við slíkt orðfæri vegna hættu á misskilningi. Orðið smávirkjun ætti mun frekar að eiga við um enn smærri virkjanir sem byggðar eru í þeim tilgangi að þjóna staðbundinni þörf á raforku en ekki eingöngu sem viðbót við þá blindu nýtingarhyggju sem hefur einkennt raforkuframleiðslu í landinu undanfarna áratugi og grundvallast á því gildismati sem hefur komið umhverfismálum um heim allan í þær ógöngur sem nú blasa við.

Samfélagsleg áhrif

Í niðurstöðum verkefnastjórnar um rammaáætlun 3 er bent á í umfjöllun faghóps 3 um mat á samfélagslegum áhrifum virkjana að það að hafa stjórn á eigin umhverfi og aðstæðum sé ein af grunnþörfum fólks.

(sjá bls.138)

« Að hafa stjórn á eigin umhverfi og aðstæðum er talin ein grunnþörfum fólks (Gratchel et al, 1988; Ross & Mirowsky, 2013; Whitson & Galinsky, 2008.) og endurspeglast það vel í skýrslum Félagsvísindastofnunar sem unnar voru fyrir faghóp 3. Skortur á samráði milli stjórnvalda, fyrirtækja og íbúa getur því haft áhrif á sjálfræði (e. sense of control) íbúa, en hugtakið vísar til trúar einstaklingsins á eigin getu til að hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður, og ákvarða hvað hann gerir og hvað aðrir gera honum, og gildir þá einu hvort sú trú er á rökum reist eða ekki.(Gratchel et al, 1988; Ross & Mirowsky, 2013; Whitson & Galinsky, 2008.) Fólk sem skorar hátt í sjálfræði hefur því mikla trú á eigin getu til að stjórna aðstæðum sínum en þeir sem skora lágt hafa á móti litla trú og upplifa valdleysi (e. powerlessness). Rannsóknir hafa sýnt að sjálfræði hefur félagslegar og tilfinningalegar afleiðingar, og getur því haft áhrif á heilsu og líðan. Þegar íbúum finnst sem fyrirtæki og/eða stjórnvöld fái sínu fram gegn vilja þeirra getur það haft neikvæð áhrif á sjálfræði íbúa og þannig ýtt undir streitu, lært hjálparleysi (e. learned helplessness), uppgjöf og ringulreið innan samfélags. »

SUNN telur að þegar um framkvæmd er að ræða þar sem utanaðkomandi einkaaðili kemur inn í lítið byggðalag, skapar þar verðmæti sem eru hugsuð eru til að flytja beint út af svæðinu með litlum hagnaði sem verður eftir, þá er hætt á að það gangi á samfélagslega samheldni á svæðinu. Aðkoma að mati á

² Lokaskýrsla verkefnisstjórnar 3.áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar 2013-2017. Sjá : https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/RA3-Lokaskyrsla-160826-2.pdf

umhverfisáhrifum og samráði fer gjarnan fram á vettvangi sem margir veigra sér við að stíga inn á og því telur SUNN það brýnt að skipulagsvald, sem er í höndum sveitarfélaga, sjái til þess að samráði sé þannig háttað að allir íbúar telji sig eiga erindi til að láta skoðun sína í ljós.

Yfirvofandi raforkuskortur

Í frummatsskýrslu VERKÍS er vitnað í þungar áhyggjur bæjarstjórnar á Akureyri af yfirvofandi raforkuskorti á Eyjafjarðarsvæðinu.

(sjá bls.ii)

« Bæjarstjórn Akureyrar hefur gert bókun um stöðu raforkumála í Eyjafirði. Bæjarstjórnin lýsir þungum áhyggjum og telur að verði ekki hægt að tryggja raforku inn á svæðið frá vatns- og gufuaflsvirkjunum á næstu árum. Fari svo sjái bæjarstjórn ekki annan möguleika en að reistar verði díselrafstöðvar sem geti annað fyrirsjáanlegri þörf á Eyjafjarðarsvæðinu á komandi árum eða þar til umhverfissvænni lausnir verða að veruleika. Nýlega hefur komið fram í árlegri skýrslu Landsnets um afl- og orkujöfnuð á Íslandi að líkur séu á aflskorti árið 2022. »

Nú liggur fyrir í kerfisáætlun Landsnets að styrkja raforkuflutning inn á umrætt svæði bæði um Hólasandslínu og Blöndulínu sem ætla mætti að dyggði um sinn. SUNN gat ekki séð í frummatsskýrslunni hvernig fyrirsjáanleg raforkuþörf á Eyjafjarðarsvæðinu er skilgreind. Það má vera að sú skilgreining liggi fyrir á öðrum vettvangi en SUNN telur að íbúar í Þingeyjarsveit eigi fullan rétt á að vita til hvers orkan úr fljótinu er hugsuð ef hana á að virkja. Áðurnefndar áhyggjur af raforkuskorti samræmast orðræðu sem hefur verið við lýði undanfarin misseri um að Ísland standi frammi fyrir raforkuskorti meðal annars vegna nauðsynlegra orkuskipta sem framundan eru og þeirri stefnu að Ísland eigi að sjá gagnaverum fjórðu iðnbyltingar heimsins fyrir endurnýjanlegri orku.

Í ljósi neyðarástands í loftslagsmálum telur SUNN að stíga verði enn varlegar til jarðar en hér er gert. Orkunotkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum eru einungis lítið brot af orkunotkun í heiminum öllum, og þrátt fyrir nauðsyn þess að styrkja notkun slíkra orkugjafa - er enn mikilvægara að mati samtakanna að virkja orkusparnað, finna nýjar leiðir í gildismati og hugsun sem leiðir okkur á þær brautir sem geta gert börnum okkar og framtíðarkynslóðum kleift að lifa mannsæmandi lífi á jörðinni.

Niðurstöður

Það má ljóst telja af ofangreindu að Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, SUNN, eru mótfallin byggingu Einbúavirkjunar í Skjálfandafljóti að svo stöddu. Það hefur verið sýnt fram á að verndargildi svæðisins er mjög hátt og eins samræmist það ekki stefnu Orkustofnunar að byggja svokallaðar smávirkanir nema ef um staðbundna orkuþörf er að ræða og/eða ef styrking á byggðalínu

liggur ekki fyrir. Þar sem notkun á raforku virkjunarinnar er tengd byggingu Hólasandslínu fellur Einbúavirkjun ekki undir skilgreiningu Orkustofnunar á þörf fyrir slíkar virkjanir.

Að beita þeim rökum að Íslendingar standi frammi fyrir raforkuskorti á meðan heimilin og fyrirtækin í landinu, önnur en stóriðja, standa fyrir minna en 20% af notkun framleiddrar raforku stenst ekki skoðun að mati samtakanna. Stærstur hluti raforkunotkunar í landinu er bundin langtímasamningum til erlendra stórnotenda sem standa fyrir stóriðju sem seint verður sagt að ríki sátt um hjá þjóðinni í heild.

Að setja traust sitt í blindni á virkjanir og verksmiðjur í hagnaðarskyni af ótta við skort af óskilgreindu tagi er hugsun sem ekki ætti að vera gjaldgeng lengur í ljósi ástands jarðar á okkar tímum. Þrátt fyrir mikilvægi endurnýjanlegrar raforku er engu að síður mikilvægt að vanda valið við það hvert endamarkmið á framleiðslu hennar er áður en ráðist er í virkjunarframkvæmdir.

Með vinsemd og kærri kveðju



Harpa Barkardóttir
Formaður SUNN